
Smáauglýsingar – Sími 632700



Stærð 44–58. Allt á útsölu. Stóri listinn, Baldursgötu 32, s. 622335. Einnig póstverslun.

■ Vagnar - kerrur

ÍSLENSK DRÁTTARBEISLI



Dráttarbeisli. Gerið verðsamanburð. Framleiðum allar gerðir af kerrum og vögnum. Dráttarbeisli á allar teg. bíla. Áratuga reynsla. Allir hlutir í kerrur og vagna. Ódýrar hestakerrur og sturtuvagnar á lager. Veljum íslenskt. Verið velkomin í sýningarsal okkar. Víkurvagnar, s. 684911, Síðumúla 19.

■ Bílar til sölu



Ford Econoline 4x4 150, árg. '89, til sölu. 44" Dick Cepec dekk, loftdæla, 16" álfelgur, læsingar að framan og aftan, 4 *tonna spil, low gear, gasmið*stöð, svefnaðstaða fyrir 4, fullbúinn ferðabíll. Skipti möguleg. Upplýsingar á Bílasölu Keflavíkur, sími 92-14444.



Toyota 4Runner EFI, árg. '85, til sölu. 38" dekk, 12" krómfelgur, loftlæsingar að framan og aftan, loftdæla. Skipti möguleg. Upplýsingar á Bílasölu Keflavíkur, sími 92-14444.



Dodge Power Ram 4x4, árg. '89, 6 cyl., Cummings-turbo, dísil, sjálfskiptur, ný 33" dekk, nýskoðaður. Athuga skipti. Uppl. í síma 91-814024 og eftir kl. 19 í síma 91-73913.



Nissan Laurel dísil, árg. '85, til sölu, sjálfskiptur, ekinn 211 þús., ný vetrardekk, tvílitur vínrauður og silfurl. Upplýsingar á Bílasölu Keflavíkur, sími 92-14444.



Toyota Corolla station XLI, árg. '93, til sölu, ekinn 20 þús. Skipti möguleg. Upplýsingar á Bílasölu Keflavíkur, sími 92-14444.

■ Jeppar




Nissan Patrol extra cab '86 til sölu, upphækkaður, 33" dekk, 6 cyl., dísil. Mjög góður bíll. Uppl. í síma 91-668181 e.kl. 20.




Terrano '92, hækkaður um 3", 33" dekk, samlitir brettakantar o.fl. Skipti á breyttum Patrol eða sambærilegum jeppa möguleg. Uppl. í síma 92-15539.

■ Þjónusta



Stigar og handrið, úti sem inni. Stigamaðurinn, Sandgerði, símar 92-37631 og 92-37779.

■ Líkamsrækt



Þær tala sínu máli! Ótrúlegt en satt. Heilsustúdíó Maríu býður upp á cellulite meðferð, 10 t., kr. 18.500, Trim-Form, 10 t., kr. 5.900, nýjar áherslur í megrun, gervineglur o.fl. Tímapant. í s. 91-36677 og 91-667501.



KÞ


Firma- og hópakeppni

Firma- og hópakeppni knattspyrnudeildar Þróttar verður haldin helgina 28.–30. janúar. Spilað verður eftir gömlu reglunum (4 í liði, enginn markmaður). Stórglæsileg verðlaun (m.a. utanlandsferðir). Nánari upplýsingar í síma 812817.

Afmæli

DV

Sigurður Kristjánsson



Sigurður Kristjánsson.

Sigurður Kristjánsson afgreiðslumaður, Trönuhjalla 19, Kópavogi, er fertugur í dag.

Starfsferill

Sigurður er fæddur í Bolungarvík og ólst þar upp. Hann er með skipstjórnarréttindi, 1. og 2. stig, frá Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum.

Sigurður hefur lengst af verið við sjómennsku sem háseti og stýrimaður á bátum og togurum frá Bolungarvík, Siglufirði og Höfn í Hornafirði. Síðustu fjögur árin hefur hann starfað sem afgreiðslumaður hjá Gámaþjónustunni hf. í Reykjavík.

Fjölskylda

Sambýliskona Sigurðar er Anna Kristinsdóttir, f. 19.10. 1964, húsmóðir. Þau hófu sambúð 1983. Foreldrar hennar: Kristinn Óskarsson verkamaður og Fanney Pálsdóttir húsmóðir. Þau eru búsett í Kópavogi.

Synir Sigurðar og Önnu: Sigurður Kristinn, f. 1.8. 1985; Björn Steinar, f. 1.5. 1990; Óskar Páll, f. 9.9. 1993.

Systkini Sigurðar: Steinunn Kristjánsdóttir, f. 14.1. 1947, hún á þrjú börn; Salmann Kristjánsson, f. 12.3. 1948, maki Marselía Jónsdóttir, þau eiga sex börn; Elísabet Kristjánsdóttir, f. 14.8. 1949, maki Kristinn Guðmundsson, þau eiga fjögur börn; Óskírður drengur, f. 3.6. 1952, d. 20.8. 1952; Guðbjörn Kristjánsson, f. 25.8. 1955, maki Selma Friðriksdóttir, þau eiga tvö börn; Pálína Kristjánsdóttir, f. 20.6. 1957, hún á tvö börn. Hálfbróðir Sigurðar, sammæðra: Valdimar Guðmundsson, f. 30.8. 1944, maki Jóhanndína Sverrisdóttir, þau eiga fjögur börn.

Foreldrar Sigurðar: Kristján Sigurðsson, f. 25.10. 1919, og Lóa Fanney Valdimarsdóttir, f. 5.11. 1919. Þau hafa búið í Bolungarvík lengst af.

Rósa Haraldsdóttir



Guðný Sigurrós Haraldsdóttir.

Guðný Sigurrós Haraldsdóttir húsmóðir, Klukkurima 61, Reykjavík, er fertug í dag.

Fjölskylda

Rósa er fædd í Reykjavík en ólst upp á Skólabraut 9 í Kópavogi. Hún gekk í skóla í Kópavogi. Rósa flutti til Akraness 1973 og vann aðallega við fiskverkun, hjúkrun og verslunarstörf. Hún flutti aftur til Reykjavíkur 1989.

Rósa giftist 30.3. 1974 Guðmundi Sigurði Sveinssyni, f. 31.5. 1955, netagerðarmeistara. Þau skildu 1989.

Börn Rósu og Guðmundar: Kristján Pálmar, f. 21.1. 1974, sambýliskona hans er Guðbjörg Ósk Hjartardóttir; Guðný Helena, f. 4.5. 1977; Sigurður Kristinn, f. 26.10. 1984.

Systkini Rósu: Sigurður Kr. Haraldsson, f. 10.8. 1940, forstjóri; Helga Haraldsdóttir, f. 30.10. 1942, stöðvarstjóri; Guðjón Haraldsson, f. 19.1. 1947, blikksmiður.


Foreldrar Rósu: Haraldur Kr. Guðjónsson, f. 9.4. 1914, d. 7.10. 1988, leigubílstjóri, og Guðný Friðriksdóttir, f. 18.9. 1911, húsmóðir.

Menning

Álífsgaldur Geoffrey Hendricks á Kjarvalsstöðum

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson



Geoffrey Hendricks á sýningu sinni á Kjarvalsstöðum.

Fluxus-hreyfingin var áhrifamikil í þróun hugmyndalistar á fimmta og sjötta áratugnum. Fagurfræði abstraktexpressjónista og strangflatamálara var gefið langt nef með því að leyfa lífsgaldrinum að njóta sín í samspili allra listgreina. Táknmál nútímamannsins átti að kljúfa til mergjar og tjá firringu hans. Á Kjarvalsstöðum var sl. laugardag opnuð yfirlitssýning á verkum bandarísks fluxuslistamanns af norskum ættum, Geoffrey Hendricks. Sýningin er samstarfsverkefni listasafna í fimm Evrópulöndum. Hendricks er vel að merkja ekki einn af frumkvöðlum fluxus en kom þar fljótlega til sögu og hefur tvímælalaust tengt hvað best þessara listamanna saman líf sitt og list. Hann hefur að því leyti sérstöðu meðal þeirra sem teljast til hreyfingarinnar að hann hefur byggt gerninga sína á því að taka eigin líkama til meðferðar. Þannig hefur Hendricks m.a. fastað nakinn við opnun eigin sýningar og látið sig dreyma og skrifað niður draumana. Sömuleiðis hefur hann hleypt nýju lífi í tengsl listar og trúarbragða með því að skipuleggja giftingarathafnir, skilnaðarathafnir og jarðarfarir út frá eigin hugmyndum um það hvernig helgisiðir eigi að vera, þó hann vilji að vísu ekki bendla list sína við trú.

Himnar og stigar

Á sýningunni eru áberandi málverk af skýjum á himni sem Hendricks málar á nánast hvað sem fyrir verður; skó, stóla, föt, skóflu o.fl. Elstu verkin eru frá sjötta áratugnum en það var um miðjan sjöunda áratuginn sem Hendricks tók til við að mála himna. Útgangspunktur virðist vera sá hjá listamanninum að tefla fram sjónhverfingu hins loftkennda og huglæga gegn hinu efniskennda og gengur sú fyrirrætlun hvað best upp í uppstillingu blámálaðra hermannaskóa. Eitt fyrsta verkið þessarar tegundar hjá listamanninum er einnig sláandi; stórt auglýsingaskilti í New York sem hann málaði á himin í samkeppni við skýjakljúfana. Hendricks stillir einnig upp myndum af himni sem sýnishornum af birtuskilyrðum og skýjafari á ýmsum stöðum og tímum og rammar t.a.m. inn í stiga. Stiginn er einmitt annað áberandi tákn í myndheimi Hendricks. Hann sagar t.d. stiga í sundur eftir endilöngu og bindur saman aftur með sárabindum. Hið sama gerir hann við stóla og bindur saman hrífuhaus og reyrvönd, svo að eitthvað sé nefnt. Hugmyndin tengist skilnaðar- og giftingarathöfnum Hendricks þar sem hann á táknrænan hátt sagar í sundur hlut og bindur saman, ef svo ber undir.

Frumskógur og forngripasafn

Stigarnir falla vel inn í þann grunn sem himnamyndirnar búa sýningunni, þó ætlun listamannsins sé vafalaust sú að umbreyta bakgrunni í forgrunn, hrókera himni og skó. Það er einmitt slík umbreyting, umpólun hins loftkennda og hins efniskennda, hins huglæga og hins hlutlæga, dags og nætur, sem stendur eftir þegar gengið er út af sýningunni. Við fyrstu sýn er sýning Geoffrey Hendricks líkust samblandi af frumskógi og forngripasafni. Uppsetningin er kapituli út af fyrir sig og verður að teljast afrek að nýta rýmið á Kjarvalsstöðum út í ystu æsar, eins og hér er gert, án þess að óþarfar endurtekningar eða ofhlæði spilli sjónarspilinu. Hér er vel að verki staðið við kynningu á listamanni sem hefur margt að segja þeim sem vilja lifa í samhljómi við sjálfan sig og náttúruna.